



Akureyri, 24. febrúar 2021

## Umsögn velferðarsviðs Akureyrarbæjar

### Mál nr. 39/2021

*Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, umdæmisráð barnaverndar, samþætting og fl.).*

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 10. febrúar sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um fyrirhugaðar breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Frumvarpið felur í sér fyrri hluta heildarendurskoðunar barnaverndarlaga.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar fagnar helstu breytingum frumvarpsins og tekur undir þau sjónarmið að tímabært sé að breyta umgjörð barnaverndar á Íslandi auk þess að stækka umdæmi barnaverndarnefndar og auka vægi fagfólks í stjórnun umdæma. Velferðarsvið Akureyrarbæjar telur frumvarpið í heild sinni vera jákvætt og mikilvægt skref í þá átt að barnaverndarþjónusta verði samþætt annarri þjónustu og þar með hluti af samþættingunni.

Þrátt fyrir jákvæðar breytingar í heild sinni á umræddu frumvarpi telur velferðarsvið Akureyrarbæjar þó ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið og þá helst er snýr að skýrleika nokkurra greina sem virðist ekki alltaf vera í samhengi við greinargerðina með frumvarpinu. Einnig þætti er varða skráningu mála og gagnaöflun við vinnslu þess. Mikilvægt er því að skýra ákveðna þætti betur til að taka af öll tvímæli.

#### Umdæmisráð

##### *Hlutverk og umgjörð*

Mikilvægt er að hlutverk og umgjörð umdæmisráða sé skýr. Lykilatriði er að lögin gefi skýra mynd af umgjörðinni þ.e. skipan ráðsins, afmörkun á hlutverki þess og aðkomu þess að miðlægum gagnagrunni. Skýra þarf hvort ráðið hafi aðgang að slíkum gagnagrunni líkt og barnaverndarþjónustan, eða er þetta hugsað með óbreyttu sniði, þar sem barnaverndarþjónustan opnar t.d. svæði inn á fundargátt og deilir tilteknum fyrirliggjandi gögnum. Um þetta er vafi, en þegar farið er í greinargerðina með frumvarpinu sem á að koma til fyllingar á lagaákvæðunum þá veldur það frekar ruglingi, en þar er talað um að sveitarfélagið skuli útvega viðeigandi aðstöðu fyrir umdæmisráðin auk örugga vinnslu persónuupplýsinga. Hvað er átt við með þessu? Það er því áréttáð að hlutverk og öll umgjörð verður að vera skýr svo það torveldi ekki málsmeðferð einstakra mála.

Þegar umgjörð umdæmaráðsins er orðin skýr þá ættu skilin milli barnaverndarþjónustu, umdæmisráðs barnaverndar og úrskurðarnefndar velferðarmála að skýrast í kjölfarið. En mikilvægt er að taka af öll tvímæli um þau skil. Það er til að mynda ekki farið mörgum orðum um úrskurðarnefndir velferðarmála í frumvarpi þessu annað en orðalagasbreytingar. Því væri hægt að álykta sem svo að engar breytingar væru þar á. Ljóst er að aðild að úrskurðarnefndinni verður að vera skýr. Í gildandi lögum er barnaverndarnefnd aðili máls fyrir úrskurðarnefnd auk

Þess sem nefndinni er veitt heimild til að framselja tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögnum. Hins vegar er ljóst að með tilkomu umdæmisráða barnaverndar er því fyrirkomulagi breytt og því mikilvægt að skýrar valdbærnireglur gildi um barnaverndarþjónustu þannig enginn vafi geti risið um það hver fer með endanlegt ákvörðunarvald hverju sinni og hver er aðili máls fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.

### *Kröfur*

EKKI er gerð athugasemd við það að gerðar séu kröfur um ákveðna menntun og þekkingu ráðsmanna sem sitja í umdæmisráði. En það verður að ver ljóst að slíka þekkingu sé unnt að fá víðar en í störfum barnaverndarþjónustu. Mikilvægt er að hafa umdæmisráðin þverfagleg og þá getur það einnig hjálpað að það komi ekki allir úr störfum innan barnaverndarþjónustunnar, heldur hafi ólíka starfsreynslu á sviði barnaréttar og þjónustu við börn. Einnig getur skapast hætta á að ef mjög sérhæfðar og þröngar kröfur eru gerðar til hæfi ráðsmanna að það verði mjög fámennur hópur sem uppfylli skilyrði ráðsmanna í umdæmisráði. Slíkt getur kallað á mikilvægi þess að ráðherra setji reglur um þóknun til ráðsmanna sem sitja í umdæmiráði.

### *Starfsmenn, laun, vinnsla mála, aðgangur að miðlægum gagnagrunni o.fl.*

Gerð er athugasemd við það að óljóst er hve mikill kostnaður fellur til sveitarfélaganna vegna umdæmaráða. En samkvæmt greinargerð með frumvarpinu má sjá að slíkur kostnaður getur verið töluvert umfram það sem tíðkast í dag vegna barnaverndarnefndanna. Ljóst er að umdæmisráðin verða á ábyrgð sveitarfélaga líkt og barnaverndarnefnd hefur verið. Í megindráttum er þó umdæmisráði barnaverndar falin þau verkefni sem barnaverndarnefndir fara með í núgildandi lögum. Hins vegar er talað um í greinargerð um 8. gr. frumvarpsins um e-lið þar sem fjallað er um skipan umdæmisráðs barnaverndar að sveitarfélagi, eitt eða fleiri í samvinnu, beri m.a. ábyrgð á að greiða ráðsmönnum laun og skapa þeim starfsaðstæður þ.m.t. með húsnæði, skrifstofubúnaði og umgjörð um vinnslu upplýsinga. Þetta þarf að skýra frekar því af þessu leiðir að aukin kostnaður getur fallið á sveitarfélagið.

### **Samþætting og miðlægur gagnagrunnur**

Þá er vakin athygli á því að það hljóti að vera andstætt markmiðum með samþættingunni ef aðeins hluti af stofnunum er snúa að þjónustu við börn hafi aðgang að miðlægum gagnagrunni. Markmiðið er að afnema hindranir milli kerfa og bæta þjónustuna og því mikilvægt að við smíði og starfrækslu gagnagrunna sé horft til þess að ekki sé verið að búa til íþyngjandi verkefni á sveitarfélögin, mögulega með tvískráningum. Þvert á móti þarf þessi vinna að létta á sveitarfélögunum og bæta alla yfirsýn.

Að lokum leggur velferðarsvið Akureyrarbæjar áherslu á mikilvægi þess að greining og mat á áhrifum lagasetningarinnar fari fram, m.a. á fjárhagslegum áhrifaþáttum. Ekkert slíkt liggur fyrir.

Þess skal getið að umrætt frumvarp var lagt fyrir barnaverndarnefnd Eyjafjarðar til umræðu.

Undirrituð, fyrir hönd velferðarsviðs Akureyrarbæjar veitir fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar og mætir á fund verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Akureyrarbæjar

Halldóra K. Hauksdóttir, lögfræðingur